

fyrir hönd hinna stefndu Leontio Warburgs Sön & Co. 4967 kr. 53 a. með 6% vöxtum frá 30. apríl 1906 til borgunardags. Um málskostnað í héraði á gestaréttardómurinn að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 15. nóvember.

Nr. 33/1909:

Sigríður Guðjónsdóttir
Anna Runólfsdóttir,
Margrét Guðmundsdóttir
Þóra J. Einarsson,
Nicolai Hansen og
Jórunn Bjarnadóttir
gegn
Sigríði Jónsdóttur.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af hinni stefndu, er áður var ráðskona í geðveikrahælinu á Kleppi, út af ummælum, er stefnendurnir, er voru hjúkrunarfólk í nefndu hæli, hafa haft um stefndu í erindi til stjórnar hælisis, dags. 10. júní 1908, en hin átöldu ummæli eru þessi: »Hún hefir smittandi sjúkdóm og er sóðafengin með mat; þar af leiðandi álitum við að framtíð heilsu okkar sé í voða stödd«, og krafðist stefnda þess fyrir

bæjarþinginu, að téð ummæli yrðu dæmd dauð og ómerk og stefnendurnir dæmdir til hegningar fyrir þau og skaðabóta, eitt fyrir öll og öll fyrir eitt, 2000 kr. eða eftir réttarins mati, svo og til greiðslu málskostnaðar. Með bæjarþingsdómi uppkveðnum 17. júní þ. á. voru ummælin dæmd dauð og marklaus og stefnendurnir hvert um sig í 30 kr. sekt til landssjóðs og til vara 8 daga einfalt fangelsi, svo og eitt fyrir öll og öll fyrir eitt í 60 kr. málskostnað. Dómi þessum hafa hin dæmdu áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu útgefinni 29. júní þ. á., og krafist þess, að dómurinn, með eða án heimvísunar, verði úr gildi feldur og áfrýjendurnir sýknuð af kærnum og kröfum stefndrar, Sigríðar Jónsdóttur, og hún dæmd í málskostnað. Stefnda hefir ekki gagnáfrýjað, en krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og áfrýjendurnir dæmdir til að greiða sér málskostnað fyrir yfirdómi eftir réttarins mati.

Það verður nú að vísu að telja sannað í málinu, að stefnda, er hún var ráðskona í geðveikrahælinu, hafi haft sár á lærinu, er útfærð var úr, og lækur hefir álitid að stafaði af berklum, en í hinum átöldu orðum í sambandi við eftirsetninguna felst aðdróttun um, að stefnda hafi farið svo ógætlega með sárið og umbúðirnar um það, að heilsu áfrýjendanna hafi verið hætta búin, enda hafi áfrýjendurnir haldið því fram, að stefnda hafi ekki verið svo varkár með umbúðirnar eins og skyldi, og hafa því til sönnunar skirskotað til vitnaframburðar um það, að það hafi komið fyrir, að stefnda hafi soðið umbúðirnar á eldavelinni í eldhúsinu og þvegið þær þar síðan, en þar sem þetta fór fram eftir að búid var að elda og matur burt borinn, getur það ekki heimilað hina meiðandi aðdróttun

gegn stefndu. Þá hafa áfrýjendurnir ekki heldur sannað, að stefnda hafi verið sóðafengin með mat, er telja verður meiðandi fyrir hana, er hún var í slíkri stöðu, er að fram-
an getur. Það verður því að telja það rétt, að 219. gr. hinna almennu hegningarlaga er beitt gegn áfrýjendum í bæjarþingsdóminum út af þessu og ummælin dæmd ómerk og áfrýjendur látnir bera málskostnað. Þar sem sektin virðist þar og hæfilega ákveðin, ber að staðfesta bæjarþingsdóminn að öllu leyti. Og eftir þessum úrslitum ber áfrýjendum in solidum að greiða stefndu 20 kr. í málskostnað fyrir landsyfirdómi.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður.

Áfrýjendurnir Sigríður Guðjónsdóttir, Anna Runólfsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Þóra J. Einars-
son, Nicolaj Hansen og Jórunn Bjarnadóttir, skulu greiða stefndu, Sigríði Jónsdóttur, eitt fyrir öll og öll fyrir eitt 20 kr. í málskostnað fyrir landsyfirdómi.

Dóminum' að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirt-
ingu hans að viðlagðri lagaáðför.

Nr. 40/1909:

Ingólfur Kristjánsson
gegn

Birni Líndal fyrir hönd
hlutafélagsins Jaðar.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stefndi Björn Líndal cand. juris